


BYGGINGARLÝSING:
 Bygging er einlyft iðnaðarhús. Húsið er teiknað í upphafi af Ársæli Vignissyni Arkitekt og var bygging ekki klárað samkvæmt hönnun og samþykktum teikningum Ársæls. Nýr eigandi hússins þarf að fjarlægja þak af húsi og endurbyggja þak sem þak er ekki gert samkvæmt samþykktum teikningum. Bygging verður notuð sem geymslu og lagerhúsnæði.
 Sökkjar eru járnberntir staðsteyptir á þjappaða fyllingu. Einangrun er 75 mm plasteinangrun og skal ná að minnsta kosti 500 mm niður sökkla að innan.- sjá teikningar burðarvirkishönnuðar.
 Botnplata er járnbernt steinsteypa á þjappaðri fyllingu, einangrun er 75 mm plasteinangrun, ofan á einangrun komi rakavarnalag. - sjá teikningar burðarvirkishönnuðar.
 Burðarvirki útvegga er járnbernt steinsteypa, einangrun verði a.m.k. 100 mm steinullareinangrun eða sambærileg einangrun. Að utan eru veggir klæddir með liggjandi Aluzink klæðningu.
 Innveggir á milli eininga/ vinnusala eru járnbernt steinsteypa. Aðrir innveggir verða léttir gipsveggir byggðir upp með blökkstöðum og einangraðir að innan.
 Þak er byggt upp með limtrésbitum, sem á hvíla yleiningum með trapuslaga stáli sem ytra byrði. Þykkt einangrunar er 107 mm Polyuréþaneinangrun sem hefur K-gildi W/m² C 0,29. Festingar á yleiningum - sjá teikningar burðarvirkishönnuðar.
 Gluggar eru plastgluggar með tvöfalt K-gler. Hurðir eru iðnaðarhurðir og blökkhurðir í inngangshurðum. Vatnslagnir eru í-dregnar rör í rör lagnir að mestu, en annars utanáliggjandi. Hitalagnir eru úr „Pex“ plasti og liggja í steyptri gölfplötu.
Brunavarnir
 Byggingin sem er geymsluhúsnæði er í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð.
Notkunarskilmálar
 • Brunaálag í byggingunni (Staphraun 9) verði undir 800 MJ/m2. Um er að ræða nettó brunaálag í byggingunni skv. skilgreiningu byggingarreglugerðar.
 • Einn eigandi/rekstraraðili verði með húsið í rekstri.
 • Viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi verði sett í bygginguna.
Breytingar á brunatæknilegum forsendum (notkunarskilmálum) krefjast sjálfkrafa endurskoðunar á brunavörnum.
Brunahólfun
 Byggingin verður eitt brunahólf samtals 560m2. Byggingin er einungis í notkun eins rekstraraðila sem er forsenda þess að hún geti verið eitt brunahólf. Stafn byggingarinnar sem snýr að Drangarhaun er skilgreindur sem Eldvarnarveggur (A-REIM 120) enda stendur húsið á lóðamörkum, er sá veggur glugga- og hurðalaus. Langveggurinn sem snýr að Staphraun 11 er 1m frá lóðamörkum og var skilgreindur sem eldvarnarveggur (A-REIM 120) á samþykktum teikningum. Gönguherðir eru E12 60-CS en stórar innkeyrsluhurðir voru settar á vegginn án samþykkis byggingarfulltrúa og hafa þær ekki skilgreinda brunamótstöðu. Lagt er til að loka annarri innkeyrsluhurðinni sem snýr að bakhúsi á lóð 11 og skal lokunin ná a.m.k. REI 90 brunamótstöðu, hin innkeyrsluhurðin er ekki talin vandamál þar sem ekki stendur hús beint á móti henni (sjá beiðni um tímabundna opnun á eldvarnarvegg hér að neðan). Veggurinn verður áfram eldvarnarveggur eins og hann var hannaður og byggður. Eina breytingin er að óskað er eftir að innkeyrsluhurðin fyrir miðju byggingar verði án brunamótstöðu (eins og hún er í dag).
 Brunahólfandi merkningar eru sýndar á aðaluppdráttum.
Tímabundin opnun á eldvarnarvegg á Staphraun 9 sem snýr að Staphraun 11:
 Óskað er eftir tímabundinni opnun á eldvarnarvegg vegna þess að sami rekstraraðili er að nýta báðar lóðirnar og þær byggingar sem á lóðunum eru. Óskað er eftir að þetta gildi á meðan þetta ástand varir, þ.e. að sami rekstraraðili noti byggingarnar og lóðirnar 9 og 11 við Staphraun. Ekki er talin teljandi hætta á eldútbreiðslu á milli bygginganna þó umrædd hurð verði samþykkt.
Burðarþol
 Burðarvirki eru almennt úr staðsteyptri steinsteypu a.m.k. R60 og eldvarnarveggir R120M.
 Þakvirki byggingarinnar er nýtt vegna breytinganna. Þar verða limtrésbitar og skulu þeir vera a.m.k. R 60
Yfirborðsefni
 Klæðningar veggflata eru í flokki 1 (K10 B-s1,d0).
 Yfirborð þakeringa er í flokki 2 (C-s2,d0)
 Yfirborð gólfa eru a.m.k. Dfl-s1.
 Utanhússklæðningar verða í flokki 1, (B-s1, d0 ksv. ÍST EN 13501-1).
 Þakklæðning verður í flokki T (B/roof)(t2) skv. ÍST EN 13501-5).
Flóttaleiðir
 A.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir eru út úr hverju rými byggingarinnar. Hvergi er lengra en 45m að næsta útgangi.
 Flóttaleiðir eru sýndar á aðaluppdráttum.
Út- og neyðarlýsing
 Útljós og neyðarlýsing eru í húsunum skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838:1999: Lighting Application - Emergency Lighting and EN 50172:2004: Emergency Escape Lighting Systems. Almenn neyðarlýsing (1 lúx) er á flóttaleiðum.
 Staðsetning helstu útljósa er sýnd á aðaluppdráttum.
Brunaviðvörðunarkerfi
 Viðurkennt, sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi tengt viðurkenndri vaktstöð er í byggingunni, hannað og sett upp skv. ÍST EN 54 og Reglum Mannvirkjastofnunar um sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi.
 Staðsetning stjórnstöðvar er sýnd á uppdráttum.
Slöngukefli og slökkvitæki
 Brunaslöngur eru í öllu húsinu skv. ÍST EN 671-1, staðsettar þannig að þær ná út í öll hornrými þess. Staðsetning þeirra er sýnd á aðaluppdráttum. Handslökkvitæki skv. ÍST EN 3 eru af viðeigandi gerð. Þau eru staðsett við brunaslöngur og víðar þar sem þörf þykir.
Reyklosun
 Reyklosun úr byggingunni verður um opnanlega glugga og dyr.
 Sérstaklega er skilgreind reyklosun úr þaki. Um er að ræða auðbrennanlegt plast frá Limtré vínnet sem nemur tæpum 6 m2 í hverju bili sem er um 5% af flatarmáli byggingarinnar.
Viðhald brunavarna
 Eigendur/forráðamenn byggingarinnar þurfa að sinna viðhaldi og eftirliti brunavarna sbr. Reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna á brunavörnum í atvinnuhúsnæði nr. 200/1994. Gera þarf þjónustusamninga vegna eftirlits og viðhalds á brunaviðvörðunarkerfi, slökkvitækjum og út- og neyðarlýsingu.
U-gildi einstakra byggingarhluta- leyflegt hámark:
 Þak: 0,29 W/m²C
 Útveggir: 0,40W/m²K
 Gluggar: 2,0 W/m²K
 Hurðir: 3,0 W/m²K
 Útvegga meðaltal: 0,85 W/m²K
Helstu stærðir:
 Brúttstærðir á lóð: 3.000 m² (nýtingarhlutfall 0,60)
 Staphraun 9. (mhl 03) 560,0 m²
 Staphraun 7. (mhl 01 og 02) 1242,4 m²
 Birt flatarmál samtals: 1802,4 m²
 Fjöldi bilastæða verður 36.



- ↓ ÚT MERKTUR ÚTGANGUR
- FLÓTTALEIÐ
- SLÖKKVITÆKI
- REYKLOSUN
- ⊙ 30 m. Brunaslanga
- NL Neyðarjós
- GN Gólfniðurfal
- EI-CS60 Hurð
- ⌈ Stjórnstöð b.v.k

BREYTING	DAGS:	TEIKNAD	YFIRF
----------	-------	---------	-------

Skráningartala: Staphraun 9, Hafnarfjörður		Skrásetjari: Jens Karl Bernharðsson																	
Landnúmer: 122339		Kennitala: 060856-3709																	
Matshlutanúmer: 03		Útgáta: 4.01t Dags: 7.8.2013																	
DO Lokun	D1 Rými hæð-róð	D2 Nöfnun texti	D3 Höfuð-flokkun	D4 Eignar-hald	D5 Stærðir Botnflötur m²	D5M Málflötur m²	D6 Slagar m²	D7 Op m²	D8 Brúttflötur m²	D9 Brúttflötur sh < 1,8	D10a Salarnæð min	D10b Salarnæð max	D11 Brútt rúmmál m³	D12 Nettóflötur m²	D16 Birt flatarmál m²	Reyklosun skiptarúmmáls	D17 Skiptarúmmál m³		
		Matshluti			560,0	0,0	0,0	0,0	560,0	0,0			3.428,6	518,8	556,1		3.054,652		
		Botn											112,0						
	00	Kjallari																	
	01	1. hæð			560,0	0,0	0,0	0,0	560,0	0,0			3.314,6	518,8	556,1		602,656		
A	0101	Atvinnuhúsnæði	N	0101	112,0				112,0		5,47	6,37	662,9	101,8	112,0	5,92	618,640		
A	0102	Atvinnuhúsnæði	N	0102	112,0				112,0		5,47	6,37	662,9	104,5	112,0	5,92	618,640		
A	0103	Atvinnuhúsnæði	N	0103	112,0				112,0		5,47	6,37	662,9	104,5	112,0	5,92	618,640		
A	0104	Atvinnuhúsnæði	N	0104	108,1				108,1		5,47	6,37	654,7	101,0	108,1	6,06	612,060		
A	0105	Atvinnuhúsnæði	N	0105	112,0				112,0		5,47	6,37	662,9	101,8	112,0	5,92	602,656		
A	0106	Inntaksklefi	T	X	3,9				3,9		2,58	2,58	8,2	3,2					
	02	2. hæð																	
	03	3. hæð																	
	04	þak																	
Athugasemdir																			
Sameignir sumra																			
Eignarhald																			
	Eignar-hald	Nöfnun texti	Birt flatarmál m²	Skiptarúmmál Séreign m³	Séreign og sameign m³														
	0101	Atvinnuhúsnæði	112,0	602,656	602,656														
	0102	Atvinnuhúsnæði	112,0	618,640	618,640														
	0103	Atvinnuhúsnæði	112,0	618,640	618,640														
	0104	Atvinnuhúsnæði	108,1	612,060	612,060														
	0105	Atvinnuhúsnæði	112,0	602,656	602,656														
	Alls		556,1	3.054,652	3.054,652														

Jens Karl Bernharðsson
 Byggingafræðingur, B.Sc. BFÍ
 Lækjargata 32 - 220 Hafnarfjörður
 S: 555 0432 - GSM: 894 6100
 jkbyggingar@internet.is

STAPAHRAUN 9, mhl 03
 HAFNARFJÖRÐUR
 SKRÁNINGATABLA, BYGGINGARLÝSING,
 AFSTÖÐUMYND

Hannað JKB	Teiknað JKB	M. 1:100 / 1:500
Samb. Jens Bernharðsson	Kennitala: 060856-3709	
Dags: 06.08.2013	Nr. 2013.01 - 01	

